

67 3 tjarnarness og Álptanesshreppum, er ekki hafa verið framkvæmdar alveg tryggjandi lækningar á, sje ekki takandi í mál, að nema úr gildi að nokkru eða öllu leyti fjárrekstrabann það, er liggur á takmörkum kláðasvæðisins, og bendið þjer þar að auki á, að ekki virðist vera nœgar ástæður til, að veita nefndum fjáreiganda sjerstaklega undantekningu undan hinu almenna rekstrarbanni.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutádeiganda, að leyfi það, sem sótt hefir verið um, verður sem stendur ekki veitt.

68 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um vanskil á gjöldum fyrir afgreiðslu frakkneskra fiskiskipa.* — Út af því að erindreki konungs í París hefir tekið það fram í skýrslu einni til utanríkisráðherrans, að utanríkisráðherra Frakkastjórnar geti eigi komið það vel, að allt af sje verið að koma með kröfur stjórnarveginn um borgun á gjöldum fyrir afgreiðslu frakkneskra fiskiskipa samkvæmt lögum 17. desember 1875 um breytingu á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland 12. febrúar 1872, með því að gjaldið nemi optast mjög svo litlu, í samanburði við þá hina miklu fyrirhöfn, er það valdi, og allan þann fjölda valdsmanna, er verði að takast verk á hendur fyrir það, hefir ráðgjafanum sýnt það reynandi, til þess að sem minnst að auðið er þurfi að koma til þeirra kasta, er stjórnareriði reka ríkja á milli, um heimtu á smágjöldum þeim, er hjer ræðir um, að leitast við að fá gjöld þessi greidd með því móti, að þegar sýslumönnum tekst eigi að ná þeim hjá formönnum fiskiskipanna, snúi þeir sjer til foringja hinnar frakknesku sjóliðsvarðdeildar á Íslandi, undir eins og hann kemur, og beiðist borgunar af honum, og mun hann varla skorast undan að greiða hana, ef sýslumaður færir nœgilegar sönnur á mál sitt; en komi foringinn eigi, sendi sýslumennirnir kröfur sínar til yðar, herra landshöfðingi, og eruð þjer beðnir að leggja þær fyrir foringjann, er hann kemur til Reykjavíkur, og skora á hann að greiða fjeð. Skyldi samt sem áður verða nauðsynlegt, að leita aðgjörða ríkisstjórnareriðsreka í þessu efni, hefir ráðgjafinn samkvæmt ósk sendiherrans kveðið svo á, að safna skuli fyrir kröfum þeim, er berast kynnu um þetta, og senda þær síðan utanríkisráðgjafanum til frekari aðgjörða einu sinni á ári, sem sje undir eins og síðasta póstgufuskip er hingað komið, og eiga því sýslumenn, ef til kemur, að senda yður, herra landshöfðingi, slíkar kröfur nógu snemma.

Um leið og þetta er tjáð yður, herra landshöfðingi, eruð þjer þjónustusamlega beðnir að kenna sýslumönnum þær reglur, sem við þarf í þessu efni, og verður jafnframt að biðja yður að brýna af nýju fyrir þeim boð ráðgjafans 8. júní f. á. um, að sýslumenn kosti eptir megni kapps um, að ná af sjálfs sín rammleik í gjöldin hjá hinum útlendu fiskiskipum.

69 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laun yfirsetukvenna.* — Í þóknanlegu brjefi 24. febr. þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá, að með því að fyrirkomulag það á yfirsetukvennaskipun, er fyrir er mælt um í lögum 17. desbr. 1875, sje eigi komið á í suður- og vesturumdæminu, en það skipti yfirsetukonurnar í Reykjavík nokkru, vegna þess, að nokkuð af suðuramtinu liggi í þeirra umdæmi eptir hinu eldra fyrirkomulagi, hafið þjer boðið að greiða þeim þetta ár hin árlegu laun, er þeim eru veitt í 11. gr. fjárlaganna, 124 kr. hvorri. Jafnframt þessu hafið þjer ítrekað